

Stjórnarfundur Bergrisans 9. apríl 2019

Fundur hófst klukkan 12:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður og Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður. Einnig starfsmennirnir Ingibjörg Garðarsdótti, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, María Kristjánsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir.

Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður var fjarverandi.

Dagskrá

1. Ársuppgjör

Ársreikningur Bergrisa er enn ekki farinn til endurskoðanda. Árið 2018 virðist koma þökkalega út. Ársreikningurinn verður tilbúinn í maí.

2. Vallholt 27, afsal og starfsleyfi

Lagt fram afsal vegna Vallholts 27. Kaupverð var 48 milljónir króna. Stjórn samþykkir kaupin og framlagt afsal. Starfsmönnum falið að sækja um styrk til Jöfnunarsjóðs vegna kaupanna.

3. Félagsskýrslur sveitarfélaga

Söfnun er hafin á skýrslum sveitarfélaga um þjónustu við fólk með fötlun á árinu 2018. Hagstofa Íslands sér um söfnun og vinnslu upplýsinga um þjónustu sveitarfélaga. Frestur skila var 18. mars síðastliðinn. Félagspjónustusvæði Bergrisans hafa öll lokið skilum.

4. Sólheimar, samningur, auglýsing

Til umræðu eru drög að samningi Bergrisans og Sólheima sem unnin hafa verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í framhaldi af viðræðum ráðuneytis og fulltrúa Bergrisans. Áður hefur farið fram auglýsing á Evrópska Efnahagssvæðinu undir umsjón Ríkiskaupa.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir og Torfi Sigurðsson, frá Lögmönnum Suðurlandi, hafa haft drögin til skoðunar og komu á fund stjórnar undir þessum lið.

Farið var yfir ýmsa efnisþætti hugsanlegs samnings milli Bergrisans og Sólheima á grundvelli auglýsinga Ríkiskaupa um starfsemina. Steinunni og Torfa var falið að vinna drögin frekar í ljósi þeirra umræðna sem fram fóru á fundinum.

5. NPA samningar

Verið er að leggja lokahönd á reglur Bergrisans um NPA greiðslur. Stjórn leggur til að horft verði til leiðbeinandi reglna Sambands íslenskra sveitarfélaga sem einnig eru í vinnslu.

Stjórn Bergrisans samþykkir, með fyrirvara um greiðslupátttöku ríkisins, umbeðið NPA samkomulag um 730 klukkustundir á mánuð og umbeðið NPA samkomulag um 243 klukkustundir á mánuði. Báðir samningar gilda út árið 2019 til að byrja með.

Öðrum fundarliðum frestað.

Fundi slitið klukkan 15:00